

# Starfsbraut Menntaskóla Borgarfjarðar

## Reglugerð um kennslu fatlaðra í framhaldsskólum.

2. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992.

Sá á rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sem er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum.

Þjóða skal upp á nám og kennslu sem tekur mið af þörfum nemandans og möguleikum skólans til þess að koma til móts við þær þarfir.

## Skilgreining á starfsbraut MB:

Nám á starfsbraut MB er einkum ætlað nemendum með skilgreinda fötlun frá viðurkenndum greiningaraðilum, sbr. 2. grein laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, sem notið hafa verulegar námsaðstoðar í almennum grunnskóla/sérdeildum eða sérskólum.

Nemendur eiga kost á allt að fjögurra ára framhaldsnámi við MB að loknu grunnskólanámi. Nemendur útskrifast með sama einingafjölda og aðrir nemendur skólans eða 133 einingar en námið sem liggur að baki hverri einingu getur haft ólíkar áherslur. Námið skiptist í tvær annir á hverju skólaári

Hlutverk brautarinnar er að veita nemendum tækifæri til að stunda nám við hæfi til að viðhalda og auka þekkingu sína og færni til að takast á við viðfangsefni daglegs lífs

## Brautarlýsing starfsbrautar MB

Markmið náms á starfsbrautum eða sambærilegum brautum eru að nemandi

- fái einstaklingsmiðuð námstækifæri
- auki sjálfstraust sitt, sjálfstæði og samskiptahæfni til daglegra athafna
- auki möguleika sína til áframhaldandi náms við hæfi
- öðlist fjölbreytta reynslu og keynnist möguleikum og margbreytileika íslenskrar menningar
- fái tækifæri til að stunda nám með ófötluðum nemendum eins og kostur er
- fái tækifæri til að tengja saman nám og starfsþjálfun – í skóla og á vinnustað og öðlist vinnufærni eftir því sem kostur er
- fái tækifæri til þátttöku á vinnumarkaði að loknu námi eftir því sem kostur er.

Námssgreinar á starfsbrautum eru skipulagðar með hliðstæðum hætti og tíðkast á öðrum brautum framhaldsskóla. Námsgreinar skiptast í einingabæra áfanga. Einingar brautanna eru einkum hafðar til viðmiðunar um hlutfallslegt vægi einstakra námsþátta í deildinni. Umfang námsins og kennslustundafjöldi nemandans á viku getur verið breytilegur og tekur mið af stöðu hans í námi.

Námsskipan starfsbrauta er sveigjanleg. Skipuleggja skal nám nemandans eins og kostur er út frá markmiðum sem sett eru fyrir hvern nemanda og byggja kennsluáætlanir á þeim. Því er mikilvægt að fyrir liggja raunhæft mat á stöðu nemandans í námi.

Markmið námsins skulu taka mið af áhugasviði nemandans og líklegum möguleikum hans að loknu námi.

Í einstaklingsáætlun skal skilgreint hvernig standa skal að þjálfun sem undirbýr nemandann fyrir viðfangsefni sem henta honum best eftir að skóla lýkur. Mikilvægt er að hefja slíka þjálfun snemma og vinna að því á meðan nemandinn stundar nám í framhaldsskóla. Hafa skal samráð við nemandann og foreldra/forráðamenn, náms- og starfsráðgjafa, vinnumiðlanir og starfsfólk félagsþjónustu eftir því sem við á.

Verklegt nám getur farið fram jafnt innan skóla sem utan, í fyrirtækjum eða stofnunum. Nemendur fái þjálfun í almennri vinnufærni við raunverulegar aðstæður með virkri þáttöku eins og kostur er. Stefna skal að því eins og kostur er að fjölga möguleikum nemenda til þess að komast út á vinnumarkað að námi loknu.

Námsmatið miðast við frammistöðu í kennslustundum og verkefnavinnu nemenda.

Námshæfni á öðrum brautum framhaldsskólans geta hentað nemendum sem innritast á starfsbraut.

### **ATH. Nám á starfsbraut byggist fyrst og fremst á bóklegum þáttum og verklegum þáttum eftir því sem við verður komið.**

Miðað er við að nám á starfsbraut sé 4 ár.

Starfstími starfsbrautar fylgir starfstíma Menntaskóla Borgarfjarðar

### **Námsmat**

Námsmat á starfsbraut Menntaskóla Borgarfjarðar á sér stað jafnt og þétt á námstíma nemenda.

Áherslan er á svokallað leiðsagnarmat.

Leiðsagnarmat á starfsbraut byggir á vinnu nemandans í skólanum. Tilgangur leiðsagnarmats er að hjálpa nemandanum með leiðsögn kennarans að nálgast markmið sín í náminu og ákveða hvert skal stefna. Leiðsagnarmat þarf að vera þannig að það sé sífelld endurgjöf frá kennaranum um nám og frammistöðu nemenda á hverjum tíma, til þess að endurgjöfin hafi einhverja þýðingu.

Frammistöðumat er mikilvægur þáttur í leiðsagnarmati því þá hefur kennarinn tækifæri til að leiðbeina nemendum um hvað betur má fara, og hvað vel er gert, í þeim tilgangi að þeir geti bætt sig. Það hefur komið í ljós í rannsóknum sem gerðar hafa verið að þar sem mat er notað til leiðsagnar hafa yfirleitt orðið miklar breytingar til batnaðar.

Leiðsagnarmat er 4 sinnum á hverri önn og kallast Vörður. Í 3 fyrstu vörðunum fær nemandinn umsögn um hvernig gengur í náminu og fund með umsjónarkennara sínum. Í síðustu vörðunni fær nemandinn síðan umsögn og einkunn í heilum tölum.

Á starfsbraut MB eru engin formleg próf.

Einkunnir eru gefnar í heilum tölum á bilinu 1 – 10 eins og um getur í reglugerð menntamálaráðuneytisins.

### **Einkunn Markmið**

10 u.þ.b. 95 – 100%

9 - 85 – 94%

8 - 75 – 84%

7 - 65 – 74%

6 - 55 – 64%

5 - 45 – 54%

4 - 35 – 44%

3 - 25 – 34%

2 - 15 – 24%

1 - 0 – 14%

Til að standast námsmat í áfanga og hafa leyfi til að hefja nám í næsta áfanga þarf lágmarkseinkunnina 5.

### **Kennsluhættir:**

- \* Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti sniðna að þörfum, áhuga og getu nemenda.
- \* Nám getur farið fram jafnt innan skóla sem utan.
- \* Unnið er samkvæmt einstaklingsmiðuðum námsáætlunum sem unnar eru í samráði við nemanda og foreldra/forráðamenn.

### **Áfangar:**

Námsáfangar starfsbrautar MB taka mið af nemendahóp brautarinnar hverju sinni.

Kennsluáætlanir eru bæði útbúnar fyrir nemendahópa eða einstaklinga. Viðfangsefnin eru miðuð við getu og þroska nemanda.

Kennslustundafjöldi nemandans í skóla getur verið breytilegur á milli anna.

Nemendur á starfsbraut MB fá lánaðar tölvur hjá skólanum á meðan á námi stendur. Tölvurnar eru geymdar í skólanum. Nemendur geta ekki fengið tölvurnar keyptar.

### **Liðveisla:**

Nemendur sem þurfa stuðning eða aðstoð í frímínútum eða í hádegishléi skólans geta sótt um liðveislu til síns sveitarfélags.

Nemendur sem þurfa stuðning eða aðstoð til þátttöku í félagslífi skólans geta sótt um liðveislu til síns sveitarfélags.

<b>Íslenska</b>	<b>ÍSL 283</b>	
<b>Kennari:</b>		Kennslustundafjöldi á viku er 6
<b>Námsgögn:</b> Líttlestrarbækur(hjá kennara), stuttir bókmenntatextar, dagblöð (hjá kennara), gagnvirkt efni, fréttavefir, Bókasafn. Kennsluforrit (hjá kennara)		

**Áfangalýsing:** Áfram er unnið með málnotkun, málskilning, lestur og ritun. Til að auka lestrarhæfni og lesskilning nemandans verða lesnir fjölbreyttir textar, s.s. bókmenntatextar, ýmsir textar í dagblöðum og tímaritum á netinu. Nemendur leysa ýmis konar verkefni til að auka kunnáttu sína í ritun, s.s. með afritun á margvíslegum texta, skrifi eftir upplestri og skrifi eigin texta. Þessi áfangi er beint framhald af áfanga síðustu annar og markmiðin því þau sömu. Efnið þyngist hægt og rólega. Viðfangsefnin eru miðuð við getu og þroska hvers nemanda.

### **Námsmarkmið:**

Að nemandi:

- þjálfist í þeim tjáskiptaleiðum sem henta honum
- auki lesskilning

- auki orðaförða sinn
- þjálfist í að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og langanir
- geti tekið þátt í umræðum og rökræðum
- geti lesið bókmenntaverk (með aðstoð hljóðbókar þegar við á) og ýmsa aðra texta
- geti valið lesefni í samræmi við áhuga sinn
- auki sjálfstraust sitt til að tjá sig og/eða lesa fyrir aðra
- læri og þjálfist í notkun á hjálpargögnum við réttitun, t.d. orðabókum og leiðréttingarforritum.

**Kennsluaðferð:** Nemandi les lestarbækur og bókmenntatexta, gerir verkefni og skilar. Einnig verða dagblöð lesin, verkefni tengd fréttum gerð og verkefni tengd áhugamálum nemenda. Nemandi velur sér bók á bókasafni til að lesa bæði heima og í skóla. Verkefni tengd bókinni verða m.a. í formi frásagna. Nemandi þarf að segja frá því sem gerist í bókinni, munnlega t.d. með því að taka upp í tölvu. (einstaklingsmiðaðar kröfur). Orðabækur eru notaðar við ýmis verkefni. Tölva er mikið notuð.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat  
Verkefnaskil og virkni í kennslustundum  
Umsögn í lok áfanga og einkunn

<b>Stærðfræði</b>	<b>STÆ 283</b>	
<b>Kennari:</b>		
<b>Námsgögn:</b> Unnið m.a. með námsbækurnar Í dagsins önn, Stærðfræði 8+, Stærðfræði 9+. Notuð eru útprentuð verkefni sem og gagnvikið efni af hinum ýmsu vefsíðum. Notast er við kennsluþeninga, vasareikni, talnagrind og ýmislegt annað sem tengist okkar daglega lífi, s.s innkaupamiða.		Kennslustundafjöldi er 6 tímar á viku

**Áfangalýsing:**

Áfram er unnið að því að viðhalda og byggja ofan á þann grunn sem nemendur hafa þegar tileinkað sér og byggja upp sjálfstraust þeirra gagnvart stærðfræðinni þannig að þeir verði færir um að nýta kunnáttu sína við lausn viðfangsefna daglegs lífs og leggja grunn að áfámhaldandi stærðfræðinámi. Kenndar verða algengar reiknisaðgerðir, tímatákn og notkun klukku ásamt gildi og notkun peninga. Einnig fræðast nemendur um mál og vog og notkun mælieininga í daglegu lífi. Notuð eru margvísleg verkefni bæði hlutbundin, rituð og tölvuforrit. Einnig er stærðfræði æfð á vettvangi við raunverulegar aðstæður, t.d. í verslun. Áfram unnið með vasareikni. Þessi áfangi er beint framhald af áfanga síðustu annar og markmiðin því þau sömu. Efnið þyngist hægt og rólega en innihaldið er mjög svipað. Viðfangsefnið eru miðuð við getu og þroska hvers nemanda.

**Námsmarkmið:**

Nemandi:

- æfist í meðferð peninga
- læri að nýta sér vasareikni
- reikniaðgerðirnar fjórar
- þekki einfalda kaup- og verðútreikninga
- kunni að lesa á verðmiða og gera verðsamanburð
- þjálfist í að skipuleggja hve lengi er verið að fara milli staða
- öðlist færni í notkun einfaldara stærðfræðiforríta
- æfist eins og kostur er í notkun hugareiknings við athafnir daglegs lífs
- Mikil áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og aukið sjálfstraust til stærðfræði

**Kennsluaðferð:** Nemandi vinnur í kennslubókum ásamt ýmisum verkefnum í tengslum við það og notar sér til aðstoðar kennslupeninga, vasareikni og fleira. Nemandi notar einnig tölvuna til að vinna ýmis verkefni. Farið verður í vettvangsferðir þegar við á og möguleiki er til.

**Námsmat:** Leiðsagnamat

Vinna og virkni í kennslustundum

Umsögn í lok áfanga og einkunn

**Annað:** Nemandi þarf sjálfur að útvega sér námsbækurnar Í dagsins önn og einnig aukaheftin og Stærðfræði 8+ og 9+. Bækurnar fást í námsgagnastofnun/A4 Skólavörubúðinni í Kópavogi.